



BROTHÆTTAR BYGGÐIR


FRAMLENGING VERKEFNISINS GLÆÐUM GRÍMSEY

Fimmtudaginn 24. júní hittust fulltrúar í stjórn í verkefnisins Glæðum Grímsey á fundi í eyjunni þar sem farið var yfir það helsta í verkefninu og íbúafundur kvöldsins undirbúinn. Einnig notuðu aðkomnir fulltrúar í verkefnisstjórn tækifærið til að litast um í eyjunni og sannarlega skartaði Grímsey sínu fegursta þessa tvo júnídaga og fjöldi íbúa og gesta var á ferð við höfnina og á götum þorpsins. Við bættist að farþegaskip lónaði fyrir utan höfnina. Á leið um hafnarsvæðið gafst tækifæri til að heilsa upp á sjómenn og fræðast um aflabróð. Þau eru góð um þessar mundir.


Eftir langa bið vegna veirufaraldurs var loks hægt að boða til íbúafundar til að fara yfir stöðu verkefnisins og ræða framhaldið. Mæting á íbúafundinn var mjög góð og gaf fjöldi gesta ekki eftir mætingu í mörgum stærri þátttökubyggðarlaganna. Halla Björk Reynisdóttir, formaður verkefnisstjórnar og forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, setti fundinn og gerði grein fyrir ákvörðun um framlengingu verkefnisins til loka árs 2022, í kjölfar samtals fulltrúa Akureyrarbæjar við stjórnvöld og samþykktar ríkisstjórnar þar að lútandi.

Nánar var farið yfir helsta árangur verkefnisins til þessa og áherslur næstu mánaða. Í framhaldi af því var gerð grein fyrir stöðu markmiða í verkefnisáætlun og að því loknu skiptu íbúar sér í hópa til að ræða áherslur í vinnu næstu missera í framlengdu verkefni.

Byggðastofnun mun leggja verkefninu til fjármuni úr Brothættum byggðum líkt og verið hefur undanfarin ár til verkefnisstjórnunar og til að styrkja framfaraverkefni, auk þess sem Akureyrarbær og SSNE leggja verkefninu lið og annast umsýslu þess ásamt Byggðastofnun. Þáttur íbúa í Grímsey við að styrkja samfélagið með ýmsum framfaraverkefnum og dagnaði sínum vegur þó þyngst í verkefninu. Það var sannarlega ánægjulegt að hitta íbúa Grímseyjar á sumarkvöldi á Jónsmessu og til mikils að vinna að framlenging verkefnisins skili sem allra mestu í sterkara samfélagi í Grímsey.



Dæmi um verkefni sem styrkt hafa verið í gegnum úrræði Brothættra byggða.



Myndir: Kristján Þórhallur Halldórsson

BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Fulltrúar Byggðastofnunar, Langanesbyggðar og SSNE lögðu land undir fót nýverið og heimsóttu Bakkafjörð. Markmið heimsóknarinnar var að kynna sér ýmis þörf uppbyggingarverkefni á svæðinu – og auðvitað kynna nýjan verkefnastjóra í verkefninu „Betri Bakkafjörður“, Gunnar Mát Gunnarsson.

Ferðin hófst á Akureyri og fyrsta stopp var í ráðhúsinu á Þórshöfn. Þar hittum við sveitarstjóra og oddvita Langanesbyggðar, þá Jónas Egilsson og Þorstein Ægi Egilsson ásamt Birni Lárussyni, skrifstofustjóra. Jónas slóst svo með í för þegar haldið var áfram, þar sem leið lá á Bakkafjörð. Jónas reyndist, sem von var, hinn þrýðilegasti leiðsögumaður um kennileiti og sögu svæðisins.

Á Bakkafirði hitti föruneytið þau Freydísi Sjöfn Magnúsdóttur og Gunnlaug Steinarsson, sem bæði sitja í hverfaráði Bakkafjarðar, og Þóri Örn Jónsson, frumkvöðul og atvinnurekanda á Bakkafirði.



Gunnar Mát Gunnarsson, nýr verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar, Rebekka Kristín Garðarsdóttir, verkefnastjóri SSNE, Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar og Eyþór Björnsson, framkvæmdarstjóri SSNE

Þórir rekur ásamt konu sinni, Sædísí Ágústsdóttur, bæði gistiheimilið í gamla skólanum og huggulegan veitingastað í hjarta staðarins. Í hádeginu buðu þau hjónin upp á fjallalamb og heiðargæs, dýrindisrétti sem að sjálfsögðu voru sóttir úr heimabyggð.

Talsverð uppbygging er nú á Bakkafirði, hús hafa verið endurbætt og má segja að bærinn sé að breyta um svip. Ólafur Áki Ragnarsson, fráfarandi verkefnisstjóri „Betri Bakkafjarðar“, tók við hlutverki leiðsögumanns og sýndi gestunum meðal annars framkvæmdir á Hafnartanganum sem er að breytast í aðlaðandi útsýnisstað og mikinn sælureit. Á þeim tíma sem þetta mikilvæga verkefni hefur verið í gangi hefur margt áunnist. Það verður því spennandi fyrir nýjan verkefnastjóra að taka við af Ólafi Áka og fylgja öllum þessum góðu verkefnum eftir.

MILLILANDAFLUG UM AKUREYRARFLUGVÖLL

Eitt af langlífu baráttumálum atvinnuþróunarfélaganna og nú, eftir sameiningu þeirra, SSNE er títtnefnt millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Gríðarleg vinna og fjármunir hafa farið í hagsmunabaráttu, markaðssetningu, hagkvæmnimat, fundi, skýrslur og fleira til að tryggja fleiri fluggáttir inn í landið svo dreifa megi ferðamönnum betur um Ísland.

Eitt af 11 áhersluverkefnum SSNE 2021 var verkefni Circle Air sem hlaut 5 m.kr. "Millilandaflug - næstu skref". Markmiðið með verkefninu er að tryggja beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll með stofnun almenningshlutafélags. „Beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll hefur um langt skeið verið baráttumál landshlutans og hefur í því samhengi verið horft til fjölmargra kosta. Ein af áherslum sóknaráætlunar landshlutans er að tryggja millilandaflug og telur stjórn því áhugavert að fá fram raunhæfnimat á stofnun almannahlutafélags um beint millilandaflug til og frá Akureyrarflugvelli til áfangastaða í Evrópu, með það að markmiði að slíkt flug verði varanlegt“ segir Hilda Jana Gísladóttir stjórnarformaður SSNE.

Þá voru veittar 15 m.kr. til Markaðsstofu Norðurlands 2020 til að vinna að aukinni umferð og fjölgun markaðssvæða með beina flugtenginu við Akureyri, til að vinna áfram með núverandi flugrekstraraðilum til að byggja um áfangastað til framtíðar og til að berjast áfram fyrir uppbyggingu og betri aðstöðu á Akureyrarflugvelli. Svipað verkefni hlaut styrk upp á 5 m.kr. árið 2019 þar sem framleiða átti sérsniðið kynningarefni fyrir markaðssetningu millilandaflugs auk þátttöku í sýningum og ráðstefnum til að kynna Norðurland fyrir ferðaskrifstofum. 2018 var 3,5 m.kr. úthlutað til gerðar uppbyggingaráætlunar (e. masterplan) fyrir Akureyrarflugvöll sem lögð var fyrir þingmenn og samgöngufirvöld. 2015 var 15 m.kr. úthlutað í áhersluverkefni sóknaráætlunar landshlutans til vinna að því að koma á fót reglulegu innanlandsflugi um Akureyrarflugvöll en fyrst var sótt um slíkan styrk 2013.

Eftir áralanga baráttu var það því langþráð skref sem tekið var í júní þegar Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tók fyrstu skóflustunguna vegna stækkunar flugstöðvarinnar á Akureyrarflugvelli við hátíðlega athöfn. Starfsfólk og stjórnarmeðlimir SSNE horfðu stoltir á en vita sem er að betur má ef duga skal og ljóst er að verkefninu lýkur ekki fyrr en reglubundið millilandaflug um Akureyrarflugvöll er orðið að varanlegum veruleika. Með samtakamætti og tröllvaxinni tiltrú má færa fjöll. Það munum við sýna enn og aftur þegar þessi framtíðarsýn verður að veruleika.

UMSÓKNARFRESTIR STYRKJA

Auglýst eftir styrkjum til verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku og orkukerfa. Til ráðstöfunar eru allt að 32,5 milljónir evra. Sjá nánar [hér](#).

INNVIÐASJÓÐUR

Úthlutað var úr Innviðasjóði í júní og hlutu tvö verkefni á Norðurlandi eystra styrki upp á rúmlega 16,3 m.kr. sem jafngildir 3% af heildarúthlutun að þessu sinni en hún hefur aldrei verið hærri frá upphafi sjóðsins. Verkefni Brynhildar Bjarnadóttur "Iðufylgimælitateki til að mæla flæði kolefnis og raungufun í vistkerfum" hlaut 13.8 m.kr. og verkefni Margétar A. Sigurbjörnsdóttur "Sérhæfur ræktunarskápur, ætlaður til plönturæktunar og rannsókna í plöntumeinafræði" hlaut 2.6 m.kr. Hægt er að lesa meira um úthlutunina [hér](#).

UPPLÝSINGAGJÖF VEGNA OPINBERRA STYRKJA - BÓKUN STJÓRNAR -

Á stjórnarfundum SSNE var tekin fyrir umræða um nauðsyn þess að bæta upplýsingagjöf vegna úthlutana úr opinberum sjóðum og var eftirfarandi bókun gerð:

"Stjórn SSNE skorar á ábyrgðaraðila opinberra styrkveitinga að veita tölfraðilegar upplýsingar um búsetu styrkþega og umsóknaraðila við úthlutanir. Fram þarf að koma fjöldi umsókna, sem og fjöldi veittra styrkja, skipt eftir landshlutum. Slík gögn auka gagnsæi og myndu veita m.a. landshlutasamtökunum, sveitarfélögum og atvinnulífi mikilvæga innsýn."

AUKIN UMFJÖLLUN UM ATVINNU- OG MANNLÍF LANDSHLUTANS

SSNE skrifaði á dögunum undir samning um áhersluverkefni 2021 við N4 sem miðar að því að auka umfjöllun um atvinnu- og mannlíf á svæðinu, auka upplýsingagjöf og búa til markaðsefni. Samstarfið mun miða að því að kynna fjölbreytt tækifæri og áhugaverða nýsköpun, styrkja ímyndarsköpun og sjálfsmynd íbúa gagnvart landshlutanum, auk þess að kynna svæðið sem ákjósanlegan búsetukost og til atvinnureksturs fyrir öllum landsmönnum.



Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE og María Björk Ingvadóttir, framkvæmdastjóri N4 við undirskrift samningsins

TÓNLISTARSJÓÐUR

Seinni úthlutun úr Tónlistarsjóði fór fram nýverið en alls hlutu 5 verkefni á Norðurlandi eystra styrk upp á samtals 2,8 m.kr. eða sem nemur 11,4% af heildarupphæð úthlutunar að þessu sinni. Verkefni sem hlutu styrk voru:

- Þjóðlagahátíðin á Siglufirði
- Tónlistarhátíðin Bræðslan
- Sumartónleikar í Akureyrarkirkju
- Haust-tónleikaröð Tónlistarfélags Akureyrar og skólatónleikar
- Berjadagar, klassísk tónlistarhátíð um verslunarmannahelgina

[Hér](#) er hægt að lesa meira um úthlutun úr Tónlistarsjóði.

HEILBRIGÐIS- OG VELFERÐARTÆKNIKLASI NORÐURLANDS ÓSKAR EFTIR ÖFLUGUM VERKEFNISSTJÓRA

Heilbrigðis- og velferðartækniklasi Norðurlands er miðstöð þjónustu og þekkingar með áherslu á nýsköpun og samvinnu í heilbrigðis- og velferðartæknimálum á Norðurlandi. Klasanum er ætlað að nýta og skapa tækifæri til þróunar í heilbrigðis- og velferðarþjónustu, sem mun bæta og auka gæði í þjónustu við íbúa á Norðurlandi.

Klasinn mun leiða saman hagaðila í opinbera geiranum, einkafyrirtækjum og vísindasamfélaginu ásamt því að stuðla að þróun í þjónustu og fjárfestingu í nýrri þekkingu og nýsköpun.

Heilbrigðis- og velferðartækniklasi Norðurlands hefur verið í þróun í töluverðan tíma með aðkomu Öldrunarheimila Akureyrar, SAK, HSN, SSNE ofl. Verkefnið var gert að áhersluverkefni SSNE 2021 og hlaut nýverið hæsta styrk úr nýsköpunarsjóðnum Lóu.

Umsóknarfrestur er til 11. júlí og tekið er við umsóknum ásamt ferilskrá og kynningarbréfi í gegnum [Alfreð](#), sjá [veltek.is](#)

Allar nánari upplýsingar veita Axel Björgvin Höskuldsson, axel.hoskuldsson@hsn.is og Sigurður Einar Sigurðsson, ses@sak.is

UNGMENNARÁÐ SSNE

Árið 2019 veitti Eyþing, fyrirrennari SSNE, styrk til samfélagssviðs Akureyrarbæjar í verkefnið Vettvangur ungs fólks á Norðurlandi eystra. Verkefninu er ætlað að skapa vettvang fyrir ungt fólk á SSNE svæðinu til að ræða sameiginlega hagsmunamál og kynnast lífi hvers annars. Stofnaður var stýrihópur og haldin ráðstefna þar sem meðal annars var nýtt í að kynna Sónarátætlun og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Ákveðið var á síðasta ársþingi SSNE að horfa áfram til ungmennaráðanna á svæðinu með samvinnu í huga. Nýta ber þann vettvang til að fá fram áherslur ungs fólks á svæðinu varðandi uppbyggingu landshlutans og kynna fyrir þeim stöðumhverfið sem í boði er.

Í dag er í gangi vinna við upplýsingaöflun frá sveitarfélögum um stöðu ungmennaráða í þeirra sveitarfélagi og í framhaldi verður formönnum þeirra ráða boðið til skrafs og ráðagerða varðandi framhaldið. Frekari upplýsingar veitir Silja í silja@ssne.is.

FJÖLMENNINGARRÁÐ SSNE

SSNE vinnur nú að stofnun fjölmenningsráðs og að endurskoðun á fjölmenningsrástefnu sem byggir á fyrra stefnuskjali Eyþings frá árinu 2017. Óskað var eftir upplýsingum frá öllum aðildarsveitarfélögum SSNE varðandi þeirra stefnumörkun í málaflokknum og hvort starfandi væru fjölmenningsráð eða -fulltrúar. 7 af 12 aðildarsveitarfélögum hafa starfandi fjölmenningsráðfulltrúa og er þar af einungis einn af erlendu bergi brotinn. Fjölmenningsrástefnur þær sem til eru, eru mjög keimlíkar og vel unnar með þeim annmarka þó að þær eru eingöngu til á íslensku. Stefnt er að gera þar bragarbót á og þýða þessi gögn á erlend tungumál.

Næstu skref í þessari vinnu er að safna saman þeim fjölmenningsráðfulltrúum sem starfandi eru á svæðinu og skapa þeim samstarfsvettvang og bjóða aðstoð við smíði og samræmingu stefnuskjala þar sem þau eru ekki til staðar. Þá stefnir SSNE á að veita sveitarfélögum aðhald og sinna eftirfylgni þeirra aðgerða og markmiða sem sveitarfélögin setja sér í málaflokknum innflytjenda. Frekari upplýsingar veitir Rebekka í rebekka@ssne.is.

AUKAÚTHLUTUN STYRKJA VEGNA COVID

Í júní 2020 gerðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og SSNE með sér viðaukasamning við samning um Sónarátætlun Norðurlands eystra. Markmiðið með samningnum var að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar Covid-19 faraldursins og styðja við verkefni á landsbyggðinni. Viðbótarfjármagn af hálfu ríkisins var 29,6 m.kr. og nýttu samtökin 12,5 m.kr. úr sóknarátætlun í framtíð. Samtals voru því 42,1 m.kr. til úthlutunar.

SSNE auglýsti eftir hugmyndum að verkefnum og bárust samtökunum yfir 100 umsóknir. Úthlutunarnefnd fór yfir verkefnin og lagði til að 37 þeirra hlytu styrk og var tillagan samþykkt af stjórn SSNE. Nú þegar eru 19 verkefnum lokið en 12 verkefni eru enn í gangi og eru áætluð verklok nú í haust. Hægt er að sjá lista yfir öll verkefni [hér](#).

ÁSGARÐUR - SKÓLI Í SKÝJUNUM

Áhersluverkefni ársins 2021 voru samþykkt þann 5. febrúar sl. á 21. stjórnarfundum SSNE. Um er að ræða 11 mikilvæg og metnaðarfull verkefni sem meðal annars er ætlað að fylgja eftir áherslum sem lagðar eru fram á þingum samtakanna. Verkefnunum er öllum ætlað að vera lokið í apríl 2022. Alls var 60,7 m.kr. úthlutað að þessu sinni, þar af var úthlutað til Ásgarðs vegna skóla í skýjunum 4 m. kr.

Verkefnið gengur út á að tengja saman nemendur á unglingsstigi í gegnum miðlæga kemslu frá [Ásgarði - skóla í skýjunum](#). Ákveðið hefur verið að bjóða upp á tölvuleikjahönnun og áhuga-sviðsverkefni auk nokkurra annarra heildstæðra verkefna þar sem námsgreinar eru samþættar og tengdar áhugasviði nemenda.




Grunnskólinn í Hrísey, Reykjavíðarskóli í Skútustaðahreppi, Þingeyjarskóli, Stórutjarnarskóli, Grunnskólinn á Þórshöfn, Grunnskólinn á Raufarhöfn og Lundi hafa lýst yfir áhuga á þátttöku í verkefninu.

"Ásgarður hefur verið draumur minn frá 1998 þegar ég var skólustjóri á Flateyri í Öndarfirði. Í Ásgarði hittast nemendur sem þurfa nám óháð staðsetningu og leggja saman krafta sína og markið er sett hátt! Eitt af því sem drífur mig áfram er að jafna aðgang nemenda að gæða námi – sama hvar í heiminum sem þeir búa", segir Krístrún Lind Birgisdóttir skólustjóri og stofnandi.

Í skýjunum ehf er rekstraraðili Ásgarðs - skóla í skýjunum og nýtir styrkinn til þess að undirbúa tilraunakennsluna með því að hanna og setja fram námsefnið í Ásgarði í gegnum vefgáttina www.learncove.io.

Fyrirhugað er að kennslan hefjist í ágúst og standi fram í desember.

HRINGRÁS NÝSKÖPUNAR



SSNE, SSNV, Nýsköpun í Norðri (NÍN), RATA ráðgjafarfirmir, Hacking Hekla og Eimur lögðu saman inn umsókn í Lóuna, nýsköpunarsjóð landsbyggðanna, til að byggja upp Hringrás Nýsköpunar á Norðurlandi.

Verkefnið hlaut styrk upp á 7 milljónir en verkefnið felst í því að á hverju ári verði hakað, frumkvöðlasmiðja, viðskiptahraðall og fjárfestahátíð. Hugmyndin er að sama hvenær árs þú færð hugmynd þá sé stóðumhverfið tilbúið með verkfæri til að þróa hugmyndina áfram og alltaf sé í boði frekari framþróun á hugmyndinni.

Styrkurinn verður nýttur til að keyra viðskiptahraðall í vetur og í framhaldi verður fjárfestahátíð. Starfsfólk SSNE fagnar styrknum og hlakkar til að vinna áfram með teyminu sem kemur að verkefninu.

NÝSKÖPUNARVIKAN

SSNE í samstarfi við SSNV tóku þátt í Nýsköpunarvikunni dagana 26. maí til 2. júní undir heitinu „Nýsköpun á Norðurlandi“ og var streymt á Facebook viðburðinum, Facebook síðum SSNV og SSNE og á síðu Nýsköpunarvikunnar. Um var að ræða 8 streymi þar sem fjallað var um nýsköpun í hinum ólíku atvinnugreinum og rætt við fólk hér af svæðinu. Einnig var sett upp Hugmyndahöpp Norðurlands og farið var í nýsköpunarferðalag um svæðið. Hér má sjá allt efni sem tengist Nýsköpunarvikunni.

Matarboðið var einn viðburður á Nýsköpunarvikunni og voru nokkrir matarfrumkvöðlar og veitingastaðir á Norðurlandi sem tóku þátt. Veitingastaðir buðu uppá vörur frá matarfrumkvöðlum á matseðlum sínum og í mörgum tilvikum eru þeir réttir komnir til að vera.



HÓLASANDSLÍNA 3

23. júní fór verkefnaráð Hólasandslínu 3 í vettvangsferð á slóðir línunnar. Nú hillir undir lok verksins og gaman að sjá möstrin rísa á Hólasandi. Ennþá er stefnt að spennusetningu línunnar í lok árs og óhætt að segja að það sé góður gangur í verkefninu.

Framkvæmdin sem hér um ræðir felst í nýbyggingu 220 kV raflínu, Hólasandslínu 3 frá Akureyri að Hólasandi.

Markmið framkvæmdarinnar er bætt orkunýting, aukin flutningsgeta og að tryggja stöðugleika raforkuferfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdin er einnig mikilvæg fyrir flutningskerfi landsins í heild þar sem um er að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla milli sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu og veikari hluta þess á Austurlandi.

Línuleiðin er innan fjögurra sveitarfélaga: Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjar-sveitar og Skútustaðahrepps.



FUNDUR MEÐ KANADÍSKA SENDIHERRANUM

31. maí sl. tóku SSNE, Eimur og Vistorka á móti kanadíska sendiherranum, Ms. Jeanette Menzies og Sæmundi Finnbogasyni, forstöðumanni viðskiptaþróunar og almannatengsla. Þau fengu stutta kynningu á stöðu verkefna á Norðurlandi eystra og þeim tækifærum sem svæðið hefur uppá að bjóða.

Áhersla var á endurnýjanlega orkugjafa, nýsköpun í úrgangsmálum og málefni dreifðari byggða. Gaman var að heyra samhljóminn í verkefnum þessara tveggja þjóða og augljóst að áframhald verið á samtali og samstarfi.

Heimsóknir erlendra sendiráða eru mikilvægur hlekkur í alþjóðasamstarfi SSNE sem vonir standa til að eflist aftur nú þegar ferðatakmörkunum verður létt og heimurinn opnast á ný.



SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Nú eru sumarleyfi að bresta á og við getum flogið frjálts út í sumarið, engar samkomutakmarkanir og lífið að komast í eðlilegan gang á ný. Starfsfólk SSNE er að detta í frí eitt af öðru en það verður einhver viðvera nánast allan júlímánuð. Við munum þó loka skrifstofunni síðustu tvær vikurnar í júlí, eða frá 16.júlí en við opnum svo aftur strax eftir verslunarmannahelgina.

Talsverður tími og athygli hefur farið í ráðningarmál í júní. Gengið hefur verið frá ráðningu í starf verkefnisstjóra í Ólafsfirði og var Anna Lind Björnsdóttir ráðin í starfið. Einnig er ráðning í starf verkefnisstjóra á Húsavík á lokametrinum og munum við kynna nýja verkefnastjóra til leiks í næsta fréttabréfi. Einnig er að hefjast úrvinnsla umsókna um stöðu verkefnastjóra fjármála og reksturs.

Nú hefur Baldvin Valdemarsson látið af störfum hjá SSNE. Baldvin er mikill reynslubolti sem skilað hefur mjög góðu starfi hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og síðan SSNE. Hann verður á hliðarlínunni hjá okkur eitthvað áfram og verður til taks ef þarf en hann mun svo hefja störf sem forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri í ágúst. Einnig lætur Helga María Pétursdóttir af störfum um mánaðarmótin. Rétt eins og Baldvin ætlar Helga María að vera til taks á hliðarlínunni og hún mun fylgja verkefnum eftir eftir þörfum. Helga María var síðasti framkvæmdastjóri Eyþings og það var mikill styrkur að hafa hana sér við hlið í sameiningarvinnunni þegar SSNE var að mótast og ekki síður hefur það verið okkur mjög dýrmætt að geta sótt í þá yfirgripsmiklu þekkingu sem hún hefur. Hún mun taka við starfi verkefnastjóra gagnagreiningar og fjárhags hjá Háskólanum á Akureyri seinna í sumar. Ég ætla að nota tækifærið og þakka Baldvini og Helgu Maríu fyrir allt það góða og gagnlega sem þau hafa lagt til bæði sem starfsmenn og sem vinnufélagar og um leið óska ég þeim báðum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Einn fundur var haldinn með sveitarstjórnarfólki í júní en efni þess fundar var eitt af áhersluverkefnum SSNE, Norðurslóðamiðstöð Íslands á Akureyri. Rætt var um aukið vægi Akureyrar í málefnum norðurslóða á Íslandi og möguleika á að auka samstarf á Norðurlandi eystra á þessum vettvangi. Mjög mikilvægt og spennandi viðfangsefni sem við sjáum að muni vaxa og dafna.

Nú þegar Covid linar tökin og við erum farin að haga lífi okkar og samskiptum óhindrað gefast loksins tækifæri til að hittast í raunheiminum. Þegar ég hóf störf hjá SSNE í febrúar 2020 ætlaði ég mér að heimsækja sveitarfélögin á svæðinu, aðila í atvinnulífinu og aðra hagaðila til að kynna fólk og tengjast. En rétt eftir að ég hóf störf skall á heimsfaraldur sem gerði það nánast ómögulegt. Eftir sumarleyfi mun ég kynna áætlun um viðveru í starfsstöðvum SSNE og heimsóknir í einstök sveitarfélög. Ég hlakka mikið til að fá loksins tækifæri til að hitta ykkur, staldra við og stofna til kynna og tenginga sem er svo gríðarlega mikilvægt.

Njótið lífsins í sumarleyfunum ykkar og við hittumst hress og endurnærð að þeim loknum!

Með sumarkveðju,
Eyþór Björnsson



Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari Páll eru þar mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00 en til kl. 14.00 á föstudögum í kjölfar styttingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1.janúar 2021. Silja er við á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum en skiptir nú tíma sínum á milli Húsavíkur og **Skútustaðahrepps** þar sem hún er annan miðvikudag og fimmtudag í hverjum mánuði. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hverrar viku.

Akureyri - Elva, Rebekka og Helga María eru þar mán-fim á milli klukkan 9:00 og 15:00 og fös til kl. 14:00.

Bakkafjörður - Nýr starfsmaður hefur störf þar í ágúst en í millitíðinni má beina fyrirspurnum í ssne@ssne.is og í síma 464 5400.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).